

VINNUMARKAÐURINN Á ÍSLANDI

Yfirlit, horfur og þjónusta Vinnumálastofnunar – maí 2024

Skráð atvinnuleysi í maí var 3,4%

Skráð atvinnuleysi í maí var 3,4% og lækkaði úr 3,6% frá apríl. Í maí 2023 var atvinnuleysið hins vegar 3,0%.

Að meðaltali var 7.001 atvinnulaus í maí, 3.947 karlar og 3.054 konur. Að meðaltali fækkaði atvinnulausum um 290 frá apríl.

Atvinnuleysi var mest á Suðurnesjum í maí eða 5,7% og lækkaði úr 6,2% frá apríl.

Minnst var atvinnuleysið á Norðurlandi vestra eða 1,0% og 1,9% á Austurlandi.

Alls komu inn 297 ný störf sem auglýst voru í vinnumiðlun hjá Vinnumálastofnun í maí.


Atvinnulausir voru 7.281 í lok maí, 4.066 karlar og 3.215 konur.

Í maí 2024 gaf Vinnumálastofnun út 175 atvinnuleyfi til erlendra ríkisborgara til að starfa hér á landi, þar af 128 á höfuðborgarsvæðinu.

Í maí voru 237 einstaklingar á ráðningarstyrk innan fyrirtækja eða stofnana og 14 einstaklingar voru á nýsköpunarstyrk

Vinnumálastofnun spáir því að atvinnuleysi í júní gæti orðið á bilinu 3,1% til 3,3%.

Þróun atvinnuleysis frá maí 2022 til maí 2024




Atvinnuástand eftir landshlutum

Atvinnuleysi lækkaði allsstaðar á landinu frá apríl. Mest þó á Norðurlandi vestra þar sem atvinnuleysi fór úr 1,6% í 1,0%. Atvinnuleysi var mest á Suðurnesjum í maí eða 5,7% og lækkaði úr 6,2% frá apríl. Næst mest var atvinnuleysið 3,6% á höfuðborgarsvæðinu. Atvinnuleysi var 3,0% á landsbyggðinni í maí.

Minnst var atvinnuleysið á Norðurlandi vestra eða 1,0% og 1,9% á Austurlandi.


Á meðfylgjandi mynd má sjá atvinnuleysi eftir landshlutum í apríl og maí.



Atvinnuleysi var lægra meðal karla en kvenna á fjórum svæðum á landinu í maí, það er á Suðurlandi þar sem atvinnuleysi karla var 2,5% og 3,2% meðal kvenna, á Austurlandi þar sem atvinnuleysi karla var 1,7% og 2,2% meðal kvenna, á Suðurnesjum þar sem atvinnuleysi karla var 5,2% og 6,3% meðal kvenna og á Vesturlandi þar sem atvinnuleysi karla var 1,8% og 2,5% meðal kvenna.

Á meðfylgjandi mynd má sjá atvinnuleysi eftir kyni og landshlutum í maí.

Atvinnuleysi eftir kyni og landshlutum



Greining atvinnuleysis

Greining þeirra sem voru atvinnulaus í lok mánaðar

Atvinnulausir voru 7.281 í lok maí, 4.066 karlar og 3.215 konur. Fækkaði atvinnulausum körlum um 125 frá apríllokum en atvinnulausum konum fækkaði um 109.

Alls voru 714 atvinnuleitendur á aldrinum 18-24 ára án atvinnu í lok maí og fækkaði um 61 frá apríl.

Alls höfðu 1.286 verið án atvinnu í meira en 12 mánuði í lok maí 2024 og fækkaði um 16 frá apríl. Í maí 2023 var fjöldi þeirra hins vegar 1.465 og nemur fækkunin 179 á milli ára.

Þeir sem höfðu verið atvinnulausir í 6-12 mánuði voru hins vegar 1.968 í maí síðastliðnum en voru 1.452 í maí 2023.



Atvinnugreinar

Atvinnulausum fækkaði í flestum atvinnugreinum í maí, mest var fækkunin í verslun og vöruflutningum og veitingaþjónustu.

Atvinnulausum fjölgaði líttilega í lok maí í fjórum atvinnugreinum mest þó í byggingariðnaði.

Fjöldi atvinnulausra erlendra ríkisborgara eftir þjóðerni í lok maí 2024

Atvinnulausir eftir atvinnugreinum



Atvinnuleyfi, erlend þjónustufyrirtæki og starfsmannaleyfi


Atvinnuleyfi

Í maí 2024 gaf Vinnumálastofnun út 175 atvinnuleyfi til erlendra ríkisborgara til að starfa hér á landi, þar af 128 á höfuðborgarsvæðinu. Af útgefnum leyfum voru 85 til nýrra erlendra ríkisborgara á íslenskum vinnumarkaði og 90 leyfi voru framlengt.

Flestir sem fengu útgefið atvinnuleyfi í maí, hvort sem það var nýtt eða framlengt, fengu leyfi vegna sérfræðiþekkingar eða 82 leyfi. Þá voru gefin út 25 leyfi vegna skorts á vinnuafli og 24 námsmannaleyfi. Þegar atvinnuleyfi eru skoðuð eftir starfsgreinum í maí voru flest leyfi gefin út vegna starfa stjórnenda, sérfræðinga og sérmenntaðra eða 45%, 18% vegna starfa verkafólks og 17% vegna þjónustustarfa. Um 20% var í öðrum starfsgreinum.


Atvinnulausir erlendir ríkisborgarar

Alls voru 4.043 erlendir atvinnuleitendur án atvinnu í lok maí og fækkaði um 120 frá apríl. Hlutfall erlendra ríkisborgara á atvinnuleysissskrá var um 56% í lok maí.



Flestir atvinnuleitendur með erlendan ríkisborgararétt komu frá Póllandi eða 1.714 sem er um 42% allra erlendra ríkisborgara á atvinnuleysissskrá. Því næst koma Litháar, Rúmenar og Lettar.

Ný atvinnuleyfi eftir tegund í maí 2024



Erlend þjónustufyrirtæki og starfsmannaleigur

Samkvæmt skráningu til Vinnumálastofnunar voru 42 erlend þjónustufyrirtæki starfandi í maí 2024 með samtals 290 starfsmenn.


Þá voru starfsmenn starfsmannaleiga, innlendra og erlendra samtals 599 í maí á vegum 17 starfsmannaleiga. Flestir starfsmenn starfsmannaleiga komu frá Póllandi eða 43%, 17% frá Lettlandi og 16% frá Litháen. Þeir sem eftir standa eða um 24% starfsmanna komu frá 19 öðrum ríkjum.

Atvinnuleit og vinnumiðlun

Flutningur atvinnuleysis-tryggingaréttinda milli Íslands og EES-ríkja

Atvinnuleitendur á Íslandi hafa þann möguleika að geta farið í atvinnuleit innan annars EES-ríkis, í allt að þrjú mánuði og halda atvinnuleysisbótum sínum, fái þeir útgefið svokallað U2 vottorð sem Vinnumálastofnun hefur umsýslu með. Í maí 2024 voru gefin út 119 vottorð til einstaklinga sem fóru í atvinnuleit til Evrópu. Flestir fóru í atvinnuleit til Póllands eða 83 einstaklingar. Tíu fóru til Lettlands og fimm fóru til Litháen. Þá var gefið út 21 vottorð til viðbótar til 11 annarra ríkja.

Útgefin U2 vottorð vegna atvinnuleitar í öðru EES ríki, maí 2024




Vinnumiðlun

Auglýst störf í vinnumiðlun

Alls komu inn 297 ný störf sem auglýst voru í vinnumiðlun hjá Vinnumálastofnun í maí. Flest auglýstra starfa voru vegna ráðningarstyrkja eða um 177 störf, önnur eru almenn störf eða Eures störf. Um það bil 49% starfanna eru á höfuðborgarsvæðinu, 12% á Suðurlandi og 11% á bæði Norðurlandi eystra og Vesturlandi. Þá eru 17% annarsstaðar á landinu.

Fjöldi auglýstra starfa eftir landshlutum í maí 2024



Þátttaka í vinnumarkaðsúræðum

Atvinnuleitendum stendur til boða að taka þátt í þjálfun og nýsköpun og fara af skrá í allt að sex mánuði á meðan á úrræðinu stendur. Í maí voru 237 einstaklingar á ráðningarstyrk innan fyrirtækja eða stofnana og 14 einstaklingar voru á nýsköpunarstyrk, flestir á höfuðborgarsvæðinu eða 164 einstaklingar.

Ítarlegri upplýsingar um atvinnuleysi og þróun þess má finna á vefsíðu okkar:

Mælaborðið sýnir atvinnuleysistödlur út frá ýmsum þáttum 5 ár aftur í tímann, þar sem sjá má á myndrænan hátt samanburð eftir bakgrunni s.s. kyni, aldri og sveitarfélögum.